

Menntaskólinn í Reykjavík  
Lögfræði - LÖGF2VL05 (Valáfangi)  
Námsáætlun skólaárið 2022-2023

### Námslýsing:

Í áfanganum verður lögfræði sem fræðigrein kynnt þar sem fjallað verður um aðferðafræði og mikilvæg grundvallarhugtök lögfræðinnar. Umfjöllunarefni áfangans eru mannréttindareglur stjórnarskrárinnar, stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttur, refsiréttur, skaðabótaréttur, samningaréttur, kauparéttur, leiguréttur, barnaréttur, sifja- og erfðaréttur auk þess sem reglum íslensks réttarfars verða gerð góð skil. Markmið áfangans er að veita nemendum góða innsýn í aðferðafræði lögfræðinnar og er ætlað að hafa hagnýtt gildi til að veita nemandanum þá grundvallarfærni og þekkingu sem þörf er á til þess að geta lesið og túlkað lög. Áfanginn er símatsáfangi og mun námsmatið byggjast á verkefnavinnu nemenda og/eða áfangaprófum. Kennsluhættir verða í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og úrlausna raunhæfra verkefna.

### Námsefni:

Sigríður Logadóttir. *Lög á bók. Yfirlitsrit um lögfræði*. Mál og menning. Reykjavík, 2016.  
Valin lög og lagakaflar af lagasafni Alþingis og aukaefni frá kennara.

### Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi og mun námsmat til lokaeinkunnar byggjast á eftirtöldum þáttum:

- A. Einstaklingsverkefni 40% (Fjögur 10% verkefni, tvö á hvorri önn)
- B. Kannanir/próf 40% (Tvö 20% próf, eitt og hvorri önn)
- C. Ástundun og þátttaka í tímum 20%\*

### Námsáætlun haustannar 2022\*

Mannréttindareglur stjórnarskrárinnar (aukaefni)  
Réttarheimildir (bls. 15-37)  
Stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttur (bls. 39-69; 75-81)  
Dómstólar og réttarfar (bls. 89-108; 128-151)

### Námsáætlun vorannar 2023\*

Skaðabóta og refsiréttur (bls. 491-510 og aukaefni)  
Samningaréttur (bls. 153-189)  
Kaupa- og leiguréttur (bls. 278-314; 244-264)  
Sifja- og barnaréttur (bls. 565-611)

\*Námsáætlun er birt með fyrirvara og getur tekið breytingum ef þörf þykir.

## Lokamarkmið áfanga:

### **Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- þeim lögum og réttarreglum sem gilda á þeim réttarsviðum sem til umfjöllunar eru.
- helstu hugtökum lögfræðinnar á þeim réttarsviðum sem til umfjöllunar eru.
- helstu kenningum og sjónarmiðum við lögskýringar og túlkun laga.
- hlutverki og aðferðafræði dómstóla við að leysa úr lögfræðilegum álitaeftum.
- helstu atriðum málareksturs einkamála og sakamála fyrir íslenskum dómstólum.
- helstu tegundum samninga og þeim réttindum og skyldum sem í þeim felast.

### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- leita og afla sér upplýsinga í lagasafni Alþingis og reglugerðarsafni Stjórnarráðsins.
- greina lögfræðileg álitaefti á þeim réttarsviðum sem til umfjöllunar eru
- lesa lögfræðilegan texta og túlka merkingu hans.
- skrifa lögfræðilegan texta sem styðst við rökstuðning réttarreglna.
- heimfæra skaðabóta- og refsíabyrgð undir viðeigandi lagaákvæði.
- undirbúa lögbindandi samninga og aðra löggærninga á hinum ýmsu réttarsviðum.

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- túlka og skýra fjölbreyttar réttarheimildir að því marki að slá réttarreglu á föstu.
- leysa úr fjölbreyttum lögfræðilegum álitaeftum og komast að lögfræðilegri niðurstöðu.
- geta ályktað um umfang réttinda sinna í samskiptum við stjórnvöld og aðra opinbera aðila.
- geta ályktað um grundvöll skaðabóta- og refsíabyrgðar og meta umfang þeirrar ábyrgðar með almennum hætti.
- taka virkan þátt í gagnrýnni umræðu um lög og lagasetningu í íslenskum rétti.
- túlka og meta samninga og aðra löggærninga á hinum ýmsu réttarsviðum.